

Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 13. desember 2018
UST201811-079/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag fyrir miðbæ Hvolsvallar – Rangárþing eystra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþing eystra er barst 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir miðbæ Hvolsvallar í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð kemur fram að miðbæjarsvæðið skiptist í tvö svæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi, annars vegar er það svæði M-103 þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð, verslunum- og þjónustubyggingum og hins vegar er það svæði M-104 fyrir lágreistri blandaðri byggð undir stofnanir, verslunar- og þjónustubyggingar ásamt íbúðum.


Í greinargerð kemur fram að meginmarkmið tillögunnar er að skilgreina lóðir og byggingarmöguleika fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og íbúðir í miðbæ. Einnig kemur fram að hugað verður að bættum göngutengingum frá miðbæjarsvæðinu að öðrum hlutum þéttbýlisins.

Umhverfisstofnun tekur undi áætlun um bætt aðgengi og öryggi gangandi og hjólandi.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur